

Alþingi
Erindi nr. P 139/2080
komudagur 28.4. 2011



Alþingi
Nefndasvið Alþingis - b.t. Benedikts S. Benediktssonar
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Austurvegur 64 800 Selfoss
Sími: 530 4800 - Fax: 530 4801
mast@mast.is www.mast.is

Selfoss, 19. apríl 2011
Tilvísun: Mast11030064/0.1

Efni: Beiðni um skrifleg viðbrögð MAST í ljósi ummæla umsagnaraðila á nefndarfundi.

Visað er til erindis dags. 9. mars 2011 þess efnis að Matvælastofnun (MAST) léti sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis í té skriflega umsögn vegna ummæla sem Svava Svanborg Steinarsdóttur viðhafði á fundi nefndarinnar þann 16. febrúar 2011 um skörun á verksviði heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna (HES) og MAST, um að MAST hafi ekki sinnt eftirliti með þeim fyrirtækjum sem stofnunin bæri að sinna og að bæta þyrfti inn í frumvarp um skeldýrarækt ákvæði þess efnis að MAST bæri að styðjast við rannsóknir og mat annarra stofnana og stjórnvalda við töku ákvarðana um afturköllun tilrauna og ræktunarleyfa skv. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins.

Í erindinu kemur fram að Svava hafi greint frá því að ákveðin skörun eigi sér stað í eftirliti HES og MAST með fyrirtækjum, þannig hafi HES eftirlit með mengunarpáttum, en MAST fari með eftirlit með matvælaframleiðslu sömu fyrirtækja. Fyrir nefndinni greindi Svava frá því að MAST geri aðrar kröfur en HES til fyrirtækjanna og stundum sé bagalegt ósamræmi milli þessara krafna.

MAST túlkar ummælin svo að hér sé Svava að vísa almennt til matvælafyrirtækja og að ummælin tengist ekki með beinum hætti frumvarpi því sem var til umfjöllunar hjá nefndinni. Þessi ummæli vekja furðu, því vandséð er hvernig kröfur þessara aðila geta skarast með þeim hætti að gerðar séu ólíkar eða ósamrýmanlegar kröfur til matvælafyrirtækja. MAST annast opinbert matvælaeftirlit með þeirri starfssemi sem tilgreind er í 6. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, en HES fer með mengunareftirlit með sömu starfsemi og beitir fyrir sér lögum um holiustuhætti og reglugerðum settum með stöðum í þeim lögum. Báðir aðilar sinna eftirliti sínu skv. lögbundnum heimildum og gera kröfur í samræmi við þær heimildir sem þeir starfa eftir.

Ef sérstaklega er litið til skeldýraræktunar, þá er hún í eðli sínu ekki mengandi þar sem ræktunin byggir á því að skeldýrum er komið fyrir á línunum í sjó (línurækt) eða hugsanlega á eða í fjöruborði (botnrækt) þar sem dýrin fá eingöngu náttúrulega fæðu úr sjó sér til vaxtar og viðurværis. Ræktun skeldýra er því alveg sjálfbær og án mengunar og því kemur ekki til mengunareftirlits að hálfu HES með starfseminni. Þvert á móti má færa rök fyrir því að ræktun skeldýra dragi úr umhverfismengun og má benda á að víða erlendis er gerð sú krafa að línurækt sé staðsett umhverfis fiskeldiskvíar sem mótvægisáðgerð til að draga úr umhverfismengun. Hér er í raun ein af grunnforsendum fyrir tilvist þessa frumvarps sem aðgreinir skeldýrarækt frá fiskeldi, m.a. vegna þess grundvallarmunar sem er á þessum eldisaðferðum.

Þá segir í erindinu að Svava hafi greint frá því að MAST hafi ekki enn hafið eftirlit með öllum þeim fyrirtækjum sem stofnuninni beri að sinna og því hafi sýnatökur ekki átt sér stað með hjá einhverjum fyrirtækjum um nokkurn tíma. Erfitt er að átta á sig því hvað er átt við með þessu og alveg ljóst hvað varðar skeldýrarækt þá þurfa öll fyrirtæki sem sinna slíkrri ræktun að sækja um rekstrarleyfi frá Fiskistofu og starfsleyfi frá HES skv. lögum fiskeldi. Forsenda fyrir veitingu rekstrarleyfis Fiskistofu er að MAST hafi framkvæmd heilnæmiskönnun. Framkvæmd leyfisveitinga að hálfu HES er hins vegar ekki heildstæð og mismunandi útfærslur milli eftirlitssvæða, bæði hvað varðar skilyrði og hvort leyfi séu yfirhöfuð veitt eður ei. Sömuleiðis er rétt að geta þess að skv. regluverki sem nýlega hefur verið fellt úr gildi, þurftu skeldýraræktendur að sækja um heilnæmiskönnun

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins sem framvísaði svo erindinu til MAST. Hins vegar er ljóst að ýmsir aðilar hafa stundað „tilraunaræktun“ án leyfis hérlendis og er 7. gr. frumvarpsins ætlað að taka á því vandamáli.

Hvað varðar almenn matvælafyrirtæki þá sinnir MAST eftirlit með þeim fyrirtækjum sem stofnuninni er falið í 6. gr. laga nr. 93/1995 og er framkvæmd eftirlits í samræmi við lög og reglur sem um eftirlitið gilda. Það er hins vegar rétt að geta þegar ákveðin fyrirtæki færðust til MAST urðu í upphafi tafir á framkvæmd eftirlits í litlum fiskvinnslu, kjötvinnslum og mjólkurbúum, sem stöfuðu af óvissu um hvaða forsendur ætti að leggja til hliðsjónar varðandi framsal á eftirlitsverkefnum frá MAST til HES og því hversu seint gekk að fá upplýsingar um fyrirtæki á þessu sviði. MAST vísar því hins vegar á bug að stofnunin hafi enn ekki hafið eftirlit með þeim fyrirtækjum sem henni ber að sinna.


Að lokum getur Svava þess að MAST hafi ekki nauðsynlega fagþekkingu til þess að viðhafa eftirlit með mengun sjávar og af þeim sökum verði að bæta í frumvarpið ákvæði þar sem tekið yrði fram að MAST yrði skylt að styðjast við rannsóknir og mat annarra stofnana og stjórnvalda við töku ákvarðana um afturköllun tilraun- og ræktunarleyfa skv. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins.

Um eftirlit með skelræktarsvæðum fer skv. reglugerðum nr. 104/2010 (VII þáttur, III viðauki, 853/2004/EB) og 105/2010 (II viðauki, 854/2004/EB). Markmið þessa eftirlits er fyrst og fremst að tryggja öryggi matvæla, þannig að neytendur verði ekki fyrir heilsutjóni við neyslu skeldýra. Ræktunin fer fram á framleiðisvæðum sem MAST flokkar út frá því hversu mikillar saurmengunar (*E.coli*) gætir á viðkomandi svæðum. Þá skulu svæðin vöktuð með hliðsjón af örverufræðilegum gæðum skeldýranna, hvort eitrað svif finnist í sjó og lífelftur í skeidýrunum. Sömuleiðis ber stofnuninni að rannsaka mengunarefni, s.s. blý, kvikasilfur, kadmium, díoxín, díoxín lík PCB efni og benzopyrene og að þessi efni séu innan þeirra marka sem sett hafa verið í reglugerðum um aðskotaeefni.

Við eftirlit sitt og mat á uppsprettu mengunar og við ákvörðun á tíðni sýnatöku á ræktunarsvæðum styðst MAST við eigin gögn og sömuleiðis við gögn frá þeim aðilum sem sinna umhverfissvöktun hérlendis, s.s. vöktunar MATÍS á óæskilegum efnum í íslenskum sjávarafurðum, athuganir HES á mengun af völdum skólps, vöktun á eitruðum þörungum og þörungaeitri (þær rannsóknir fara fram í samvinnu við Hafrannsóknarstofnun og Marine Institut í Írlandi). Markmiðið með þessu eftirliti og rannsóknum er eins og áður hefur verið vikið að koma í veg fyrir að neytendur verði fyrir heilsutjóni vegna neyslu á skeldýrum.

Ljóst er að MAST fer með eftirlit með heilnæmi þessara afurða, sbr. ákvæði fyrmefndar reglugerða og laga nr. 93/1995, ákvæðið í 1. mgr. 10. gr. er þannig ætlað að vera öryggisventill fyrir stofnunina til að afturkalla leyfi séu aðstæður að mati MAST óviðunandi. Það er hins vegar alveg skýrt að þetta hlutverk er í höndum MAST og stofnunin ber skv. því að meta þær upplýsingar sem liggja fyrir og kanna með beinum hætti hvort og þá hvaða áhrif mengun hefur á öryggi, heilnæmi og neysluhæfi skeldýra á hlutaðeigandi svæðum og þá hvort svæðið teljist ekki lengur fullnægja þeim skilyrðum sem gerðar eru til framleiðslusvæða skv. löggjöfinni. Þannig er til staðar ítarleg löggjöf um skilyrði fyrir framleiðslu, hlutverk aðila við eftirlit og hver fer með ábyrgð á málaflokknum, að mati stofnunarinnar er því algjörlega óþarft að breyta ákvæði 1. mgr. 10. gr. og í reynd telur stofnunin að sú breytingartillaga sem Svava leggur fram sé í andstöðu við matvælaöggjöfina og til þess fallinn að skapa óvissu um hlutverk aðila og hvernig staðið skuli að ákvörðunartöku um framleiðslusvæði skeldýraræktunar.

F.h. Matvælastofnunar,



Viktor S. Pálsson